

Útdráttur úr reglum Landsbankans um hagsmunaárekstra

Nr. 1226-02 | Maí 2011

Landsbankanum hf. ber að gera allar tiltækar ráðstafanir til að bera kennsl á hagsmunaárekstra á milli: (1) Landsbankans sjálfs, þar með talið á milli starfsmanna, einkaumboðsmanna eða aðila sem lúta yferráðum Landsbankans annars vegar og viðskiptavina Landsbankans hins vegar; eða (2) á milli viðskiptavina Landsbankans innbyrðis. Í þeim tilfellum sem hagsmunaárekstrar eru til staðar, ber Landsbankanum að viðhafa skilvirkt verklag til að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrarnir skaði hagsmuni viðskiptavina Landsbankans. Landsbankinn er skyldur til að upplýsa viðskiptavini sína um mögulega hagsmunaárekstra og verklagsreglur um hagsmunaárekstra.

Mögulegir hagsmunárekstrar

Landsbankinn veitir víðtæka þjónustu, m.a. á sviði viðskiptabankastarfsemi, fyrirtækjaráðgjafar, verðbréfamiðlunar og opinberrar fjárfestingarráðgjafar. Einnig er innan samstæðu bankans veitt milliganga um fjármögnun á fyrirtækjum, sem og fjármögnun veitt fyrir fjárfestingum viðskiptavina í fyrirtækjunum. Það leiðir af framangreindu að skapast geta hagsmunaárekstrar, t.d. með eftirfarandi hætti:

- Hagsmunir viðskiptavina innbyrðis fara ekki saman, t.d. ef tveir eða fleiri viðskiptavinir óska eftir að kaupa hlutabréf sem takmarkað framboð er af, eða ef tvö eða fleiri fyrirtæki sækjast eftir að öðlast ráðandi stöðu í sama félaginu. Ef Landsbankinn álitur að hagsmunir viðskiptavinar kunni að skaðast hefur Landsbankinn heimild til að upplýsa um slíka hagsmunaárekstra eða að neita að veita viðskiptavini tiltekna þjónustu. Ef takmarkað framboð er af hlutabréfum, sem viðskiptavinir óska eftir kaupum á verður hlutabréfum úthlutað til viðskiptavina á hlutlægan hátt. Þegar Landsbankinn annast sölu fyrir útgefanda, tekur bankinn tillit til sjónarmiða útgefandans við úthlutun hlutabréfanna ef umframeftirspurn er eftir þeim.
- Landsbankinn kann að eiga hluti í félagi, sem það veitir fyrirtækjaráðgjöf, eða sem það veitir fjárfestingarráðgjöf um til viðskiptavina, eða sem Landsbankinn miðlar hlutabréfum í fyrir aðra viðskiptavini. Ekki er víst að starfsmönnum Landsbankans sem annast framangreinda þjónustupætti sé kunnugt um að Landsbankinn eigi aðra hagsmuni tengda hlutabréfum í fyrirtækinu.
- Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans kann að vera samningsbundin við tiltekið fyrirtæki, en verðbréfamiðlun Landsbankans samtímis að miðla hlutabréfum þess. Fyrirtækjaráðgjöf er þá skuldbundin til þess að hafa hagsmuni fyrirtækisins í fyrirrúmi en verðbréfamiðlun ber að hafa hagsmuni viðskiptavinarins í fyrirrúmi.
- Greiningardeild Landsbankans kann að birta greiningu á tilteknu fyrirtæki eða birta fjárfestingarráðgjöf um fyrirtæki sem jafnframt nýtur ráðgjafar frá Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans, eða fyrirtæki sem hefur gert samning við Landsbankann um viðskiptavakt með hlutabréf þess. Geta ber um slík viðskiptasambönd í greiningum þar sem það er mögulegt. Reglur Landsbankans koma í veg fyrir að starfsmenn Landsbankans eða utanaðkomandi aðilar geti haft áhrif á efni greininganna eða ráðgjafarinnar.
- Við að uppfylla pöntun viðskiptavinar, er starfsmanni Landsbankans heimilt að leita til annarra starfsmanna eða viðskiptavina samstæðunnar. Það er álit Landsbankans að þannig sé hagsmunum viðskiptavina best þjónað.

Reglur til að koma í veg fyrir og meðhöndla hagsmunaárekstra

Landsbankinn kann að nota svokallaða Kínamúra til að koma í veg fyrir að trúnaðarupplýsingar streymi á milli mismunandi deilda, t.d. til að tryggja að verðbréfamiðlarar og ráðgjafar hafi ekki aðgang að upplýsingum sem fyrirtækjaráðgjöf eða eigin fjárfestingar búa yfir. Til stuðnings við Kínamúrana er viðhaft tiltekið verklag til að tryggja að trúnaðarupplýsingar streymi ekki á milli deilda, nema í afmörkuðum tilfellum, þar sem tiltekinn starfsmaður þarf vinnu sinnar vegna að flytjast yfir Kínamúra.

Starfsmönnum Landsbankans, sem og dótturfélaga, er óheimilt að eiga verðbréfaviðskipti nema fyrir milligöngu Landsbankans og samkvæmt reglum um viðskipti starfsmanna með fjármálagerninga.

Það er brýnt fyrir viðskiptavinum að kynna sér fyrirvara þá sem gerðir eru við greiningarefni sem Landsbankinn birtir. Það er þó áréttað að Landsbankinn gerir allar tiltækar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að hagsmunatengsl hafi áhrif á efni greininga og til að tryggja að greiningarnar séu skýrar, sanngjarnar og ekki leiðandi á nokkurn hátt. Á vefsíðu Landsbankans eru birtar reglur um framkvæmd greininga.

Ef áðurgreindar ráðstafanir þykja ekki duga til að fara með hagsmunaárekstur, að mati Landsbankans, getur Landsbankinn ákveðið að upplýsa viðskiptavin um fyrirliggjandi hagsmunaárekstur og leita samþykkis hans til að halda áfram að veita tiltekna þjónustu, þrátt fyrir hagsmunaárekstrana.